

Þingflokksfundur Pírata, mánudaginn 27. febrúar 2017, kl. 13.

Fundinn sátu: Ásta Guðrún Helgadóttir, Birgitta Jónsdóttir, Björn Leví Gunnarsson, Gunnar Hrafn Jónsson, Gunnar Ingiberg Guðmundsson, Halldóra Mogensen, Jón Þór Ólafsson, Viktor Orri Valgarðsson, Þórhildur Sunna Ævarsdóttir og Jón Þórisson.

Smári McCarthy og Einar Brynjólfsson boðuðu forföll.

Berglind ritaði fundargerð.

Nr. 10/2017

1. Fundargerð

Athugasemd var gerð við 6. lið fundargerðar frá 22. febrúar um nýja samþykkt um tilnefningar í bankaráð Seðlabanka Íslands. Ákveðið var að afturkalla samþykktina og taka málið upp að nýju á næsta þingflokksfundi. Fundargerðir frá 20. og 22. febrúar voru að svo búnu samþykktar.

2. Bréf af þingflokksformannafundi

Ásta Guðrún gerði grein fyrir fundi þingflokksformanna og fór yfir dagskrá þingfundar í dag og drög að dagskrá vikunnar. Ákvörðun um breytingu á forgangsmáli var stuttlega rædd.

3. Dagskráin í dag og framundan

Farið var yfir dagskrá dagsins. Halldóra hyggst ræða við félags- og jafnréttismálaráðherra og Ásta Guðrún við mennta- og menningarmálaráðherra í óundirbúnum fyrirspurnartíma í dag. Ákveðið var að Birgitta taki þátt í óundirbúnum fyrirspurnartíma á fimmtudaginn að óbreyttu. Ásta Guðrún og Björn Leví taka þátt í sérstökum umræðum í dag um eigendastefnu ríkisins í fjármálafyrirtækjum. Atkvæðagreiðslur í dag og þingvaktir næstu daga voru ræddar. Farið var yfir skráningar í störf þingsins.

4. Bréf úr nefndum

Jón Þór gerði grein fyrir stöðu mála í stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd og forsætisnefnd. Samþykkt var að tilnefna Birgittu Jónsdóttur í rýnihóp þingmanna um nýbyggingu á Alþingisreit. Þórhildur Sunna gerði grein fyrir fundi allsherjar- og menntamálanefndar og Björn Leví greindi frá stöðu mála í fjárlaganefnd.

5. Tilnefningar í stjórnir, nefndir og ráð

Ákvörðun um tilnefningar í yfirkjörstjórn norðvesturkjördæmis verður tekin á þingflokksfundi nk. miðvikudag. Tilnefningar í yfirkjörstjórn Reykjavíkurkjördæmis suður voru samþykktar samhljóða. Tilnefningar í bankaráð Seðlabanka Íslands voru ræddar og var samþykkt frá þingflokksfundi 22. febrúar afturkölluð. Málið verður tekið aftur fyrir á þingflokksfundi nk. miðvikudag.

6. Trúnaðarskylda í nefndum

Halldóra gerði stuttlega grein fyrir áliti lögfræðinga.

7. Afnot af skrifstofuhúsnæði þingflokksins

Ásta Guðrún og Jón Þórisson gerðu grein fyrir tillögum að húsreglum og verða þær færðar í sameiginlegt skjal. Samþykkt var að halda þingflokksfundi framvegis í þingflokksherbergi í Skála.

8. Önnur mál

Gunnar Ingiberg ræddi frumvarp um strandveiðar og hyggst Ásta Guðrún funda með Smára og Gunnari um málið á morgun. Samþykkt var að Birgitta fari með Ástu á fund stjórnarandstöðuflokkanna. Viktor Orri gerði stuttlega grein fyrir stöðu þingmála í vinnslu. Þórhildur Sunna greindi frá beiðni sinni um sérstakar umræður og óskaði eftir því að þingflokksformaður yti á eftir málinu. Ásta greindi að lokum stuttlega frá stöðu mála varðandi fjármálavinnu þingflokksins.

9. Skýrslumál forsætisráðherra

Dagskrárlið frestað.

10. Ljósleiðari

Dagskrárlið frestað.

11. Þingskapanefnd

Dagskrárlið frestað.

12. Drög að tillögu um fundarsköp þingflokks Pírata

Dagskrárlið frestað.

13. Women in Parliaments

Dagskrárlið frestað.

14. Hæfniskröfur í nefndum

Dagskrárlið frestað.

15. Þingmannapjálfun

Dagskrárlið frestað.

16. Önnur mál

Dagskrárlið frestað.

Fundi slitið kl. 14.50.